


AFSTÖÐUMYND 1:5000



**UM HÚSIÐ**

**UMSÓKN**

Sótt er um leyfi til að byggja eins hæða fristundahús í landi Minna Mosfells í Grímsnes- og Grafningshreppi, nánar t.t. á lóð 24 við Undirhlíð. Um er að ræða 127 m<sup>2</sup> hús sem staðsett verður á norðvesturhluta lóðarinnar þar sem landið er hæst.

**BYGGINGARLÝSING**

Húsið er 127 m<sup>2</sup> að flatarmáli, staðsteypt og einangrað að utan. Húsið skiptist í tvo byggingahluta sem liggja mishátt í landinu og er hæðamunurinn milli húshluta 48 cm. Húsið verður klætt að utan, efri húshlutinn með liggjandi báru, líklega grárrí að lit. Neðri húshlutinn með standandi óheflaðri timburklæðningu sem verður málað með svörtum lit. Í efri húshluta sem liggur norðar, er aðalinngangurinn. Frá gangi er gengið inn í herbergin, geymslu, þvottahús, gestasnyrtingu og baðherbergi. Gangurinn liggur frá forstofu og eftir endilöngu húsinu að svalahurð og þaðan er hægt að ganga út á veröndina. Frá baðherbergi sem liggur í austurhlutanum, er hægt að fara út í útisturtu og þaðan niður að pottinum sem er staðsettur fyrir austan og sunnan húsið. Frá ganginum eru þrjú þrep niður í stofu og eldhús. Í neðri húshluta er eldhús, borðstofa og stofa, allt í einu rými. Frá stofu er gengið út á verönd um svalahurð á austurhlíð hússins. Einniger hægt að fara út á veröndina um rennihurð frá borðstofu á suðurhlíðinni og frá eldhúsi er gengið um svalahurð á vesturhlíð hússins. Þar er staðsett útielðhús í beinu framhaldi af eldhúsinu inni. Útisturta ásamt inntaksrými sem staðsett er austan við húsið verður úr steyptum einingum eða staðsteypt. Einnig umgjörð útielðhúss vestan við húsið.

**ÞAKIÐ**

Þak efra húshlutans er „flatt“, með vatnshalla, þurri einangrað að ofan og með dúk. Í þakinu yfir ganginum eru þrjú þakgluggar sem gefa birtu inn í ganginn. Þak neðra hússins hallar um 20° og er torfþak. Burðarvirki torfbaksins er stálbitar sem liggja á burðarveggjum. Einangrunin liggur milli stálbitanna og þar fyrir ofan er loftunarbíl, borðaklæðning og dúkur. Þrjú lög af torfi liggur ofan á þakinu.

**GLUGGAR GÓLF OG INNVEGGIR**

Velfac-gluggar verða í öllu húsinu. Parket verður í öllum rýmum nema baðherbergi, þvottahúsi, gestasnyrtingu og forstofu en þar eru flísar. Innveggir eru allir léttir gífsveggir eða hlaðnir nema veggurinn sem skilur að húshlutana en það er burðarveggur.

**UPPHITUN OG LOFTRÆSTING**

Húsið verður með gólfhitu. Loftræsting er náttúruleg úr öllum rýmum um opnanleg fög á gluggum.

**BÍLASTÆÐI**

Bílastæði á lóðinni eru á bak við húsið og er reiknað með tveimur stæðum og snúningsplássi.

**INNÞÖK OG LÝSING LAGNA**

Vatns- og hitaveitunntök eru staðsett við austurvegg útisturtu (sjá teikningu) Setlaug/heitur pottur á palli fyrir suðaustan húsið verður með læsanlegu loki og barmur setlaugar verður 0,40 m yfir hæð viðarpalls. Allur frágangur setlaugar verður í samræmi við grein 12.10.4 byggingareglugerðar.

**BRUNAVARNIR**

Húsið er eitt brunahólf. Klæðningar verða allar í flokki I. Flóttaleiðir frá svefnálmú eru fimm; um aðalinngang, um svalahurð í enda gangs á austurhlíð hússins, um útihurð úr þvottahúsi á norðurhlíð, um rennihurð frá hjónaherbergi og út um hurð úr baðherberginu. Að auki er björgunarpopp um glugga á svefnherbergi geymslu. Frá neðri húshluta eru flóttaleiðir þrjár talsins; á vestur-, austur- og suðurhlíð hússins. Reykskynjarar verða bæði á gangi uppi og í stofunni. Handslökkvitæki er staðsett í forstofunni. Kamína verður í stofu og pípan verður á suðurútvægg hússins eins og teikning sýnir. Frágangur kamínu og pípu verða í samræmi við greinar 9.6.5 og 9.6.6 í byggingarreglugerð og leiðbeiningar mannvirkjastofnunar um eldstæði og reyrkrör.

**HÁMARKS U-GILDI BYGGINGAHLUTA**

Þak	0,2 w/m <sup>2</sup>
Útveggir	0,4 w/m <sup>2</sup>
Gluggar	2,0 w/m <sup>2</sup>
Gólf á fyllingu	0,3 w/m <sup>2</sup>
Útveggir, vegið meðaltal	0,83 w/m <sup>2</sup>


**HELSTU STÆRÐIR**

Brúttóflötur	127,3 m <sup>2</sup>
Brúttó rúmmál	470,2 m <sup>3</sup>
Birt flatarmál	127,3 m <sup>2</sup>
Skiptarúmmál	373,8 m <sup>3</sup>

**ADALTEIKNINGAR**

**HEILSÁRSHÚS Í LANDI MINNA MOSFELLS**

<b>GRUNNMYN OG AFSTÖÐUMYNDIR</b>	KVAFBIL	1:100/1:1000
	D.A.G.S.	12.03.14
	TEIKN:	IH
	TEIKN NR:	A 100



GRUNNMYND

